

5. Fundur

Haldinn að Hótel Borg, þriðjudaginn 28. Júlí 1964, kl. 15:00

Á fundinum voru mættir Lúðvíg Hjálmtýsson, Sigurlaugur Þorkelsson, Íslaug Aðalsteinsdóttir, Lárus Ottesen, Sigurjón Ragnarsson, Birgir Þorgilsson og Njáll Símonarson.

Fundarritari var Birgir Þorgilsson.

Formaður setti fundinn og las upp bréf frá Hótel Víkingi dags. 16. júní 1964 í hverju eigendur hótelsins sækja um kr. 700.000.- að láni úr Ferðamálasjóði. Í bréfi þessu er greint frá því að Hótel Víkingur hafi kostað um 1.800.000.- en innborgað hlutfé sé kr. 700.000.- Fundurinn tók ekki afstöðu til þessarar lánbeiðnar.

Formaður las upp bréf sem hann í nafni Ferðamálaráðs hefur sent til allra þeirra aðila sem sótt hafa um lán úr ferðamálasjóði. Í bréfi þessu segir að ekki sé unnt að sinna lánbeiðnum úr Ferðamálasjóði að svo komnu máli þar sem reglugerð fyrir sjóðnum sé ekki fyrir hendi.

Formaður greindi frá viðtölum sínum við Vilhjálmm Þór, bankastjóra Seðlabankans, varðandi lántöku fyrir ferðamálasjóð. Vilhjálmmur Þór tók málaleitan þessari mjög vel og taldi áriðandi að um innlent lá til sjóðsins yrði að ræða. Ennfremur lofaði hann að beita sér fyrir framgangi málsins, og myndi hann láta formann vita um árangur tilrauna sinna fyrir 6. fund ráðsins. Formaður greindi frá viðtölum ónafngreindan fulltrúa í samgöngumálaráðuneytinu sem lofað hafði fundi með formanni 28. júlí. Fundur þessi skyldi fjalla um reglur fyrir Ferðamálasjóð. Þegar formaður hugðist mæta til fundarins var fulltrúinn floginn í leit að sjó og sólskini.

Í andstöðu við tillögu Ferðamálaráðs hefur Skógrækt ríkisins ákveðið að taka aðgangseyri í Þórsmörk um verzlunarmannahelgina. Ekki upplýstist á fundinum hvort Skógrækt ríkisins hefur fengið til þess munnlegt eða skriflegt leyfi.

Samþykkt var að rita bréf til viðkomandi ráðuneytis og fá upplýst hvort Skógrækt ríkisins hafi fengið samþykki til að taka aðgöngugjald þetta sem auglýst hefur verið í blöðum og útvarpi að verði kr. 35.- Fundarmenn voru á einu máli um að úrslit þessa máls væru hin dapurlegustu.

Rædd var tillaga Alberts Guðmundssonar sem um getur í fundargerð 4. fundar varðandi það atriði að Ferðamálaráð skuli mótmæla aðgöngugjaldi því að upphæð kr. 25.- sem tekið er við inngöngu á vínveitingastöðum í Reykjavík. Fundarmenn voru sammála um að erfitt væri um vik með mótmæli á þessu sviði án þess að gera um leið ákveðnar tillögur um aðra fjáröflunarleið, sem árlega gæfi af sér svipaða upphæð til ríkissjóðs.

Samþykkt var tillaga frá formanni þess efnis að fresta aðgerðum í þessu máli til næsta fundar. Formaður óskaði eftir bókun í fundargerð um að eftirtaldir aðilar hefðu sent Ferðamálaráði umsókn um lán úr Ferðamálasjóði:

1. Veitingaskálinn við Hvítárbrú
2. Mánakaffi á Ísafirði
3. Hótel Víkingur
4. Hótel Borg
5. Alþýðuhúsið á Sauðárkróki h.f.
6. Ferðaskrifstofa Austurlands
7. Sigtún í Reykjavík
8. Einar Þorsteinsson, Bolungarvík
9. Hótel Akranes, Akranesi
10. Þorvaldur Guðmundsson, Háuhlíð 12, Reykjavík

Birgir Þorgilsson skýrði frá heimsókn sinni til Ferðaskrifstofu Austurlands við Egilsstaði og taldi hann þá menn er þessari stofnun stjórna tvímælalaust vera á réttri braut til uppbyggingar á bættri aðstöðu fyrir ferðamenn og að fyrirtæki þeirra félaga væri hið athygliverðasta í hvívetna. Mælti hann með umsókn þeirri um lán sem borizt hefur frá Ferðaskrifstofu Austurlands enda sé ekki á því nokkur vafi að Egilsstaðir muni í framtíðinni verða ein stærsta miðstöð ferðalanga um Ísland utan Reykjavíkur, bæði hvað snertir ferðalög innanlands og erlendra ferðamanna.

Nokkrar umræður urðu um hinn mikla fjölda norrænna og alþjóðlegra ráðstefna sem farið er að halda á Íslandi á sumrin. Fundarmenn voru á einu máli um að Ferðamálaráð ætti að beita sér fyrir því við

ráðamenn á þessu sviði að slíkar ráðstefnur verði, eftir því sem við verður komið í framtíðinni eingöngu haldnar á tímabilinu 15. september til 1. júní. Frekari umræðum og hugsanlegum aðgerðum á þessu sviði var frestað til næsta fundar.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.30